

# Úttekt á öndunarfæravandamálum í sauðfé

Charlotta Oddsdóttir, Ólöf G. Sigurðardóttir  
og Sigrún Bjarnadóttir



# Úttekt á öndunarfæravandamálum í sauðfé

Charlotta Oddsdóttir<sup>1</sup>, Ólöf G. Sigurðardóttir<sup>2</sup>  
og Sigrún Bjarnadóttir<sup>3</sup>

<sup>1</sup>Landbúnaðarháskóli Íslands, <sup>2</sup>Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum, <sup>3</sup>Matvælastofnun

## Efnisyfirlit

Inngangur/forsaga .....	1
Fyrri rannsóknir.....	1
Markmið og rannsóknaráætlun.....	3
Efniviður og aðferðir.....	3
Niðurstöður og umræða.....	4
Svör bænda við könnun.....	4
Lungnaskoðun í sláturhúsum.....	7
Samræmi spurningalista og skoðunar í sláturhúsi .....	9
Samantekt .....	11
Lokaorð.....	13
Heimildir .....	13
Viðhengi 1: Spurningalisti.....	14
Viðhengi 2. Stigakerfi við mat á kregðubreytingum.....	15
Viðhengi 3: Niðurstöður lungnaskoðunar eftir hólfum í umdæmum og kregðustigum .....	17
Viðhengi 4: Súlurit yfir fjölða skrokka í úrtaki á sláturhúsi eftir umdæmum auk skiptingar kregðulungna á hin fjögur stig kregðu .....	19

## Inngangur/forsaga

Hósti í fé, og þá einkum haustlömbum og ásetningslömbum, er þekkt vandamál á Íslandi. Umfang og orsakir hósta hafa þó ekki verið skráð skipulega og ekki eru til yfirgipsmikil gögn sem nota má til þess að leggja mat á vandann. Telja má líklegt að vandamálið sé alvarlegra á sumum búum en öðrum og jafnvel að orsakir geti verið fleiri en ein. Á þeim búum er mikilvægt að grípa til aðgerða gegn öndunarfærasjúkdómum. Til þess að geta unnið markvisst að slíkum aðgerðum þarf að byrja á því að kortleggja vandann svo í framhaldinu verði mögulegt að greina hvaða sýkingarvaldar og áhættuþættir koma fyrir á hverju búi fyrir sig.

Bestu þakkir til Fagráðs í sauðfjárrækt og Þróunarsjóðs sauðfjárræktar fyrir að styrkja verkefnið. Auk þess þakkir til samstarfsaðila okkar, Önnu Karenar Sigurðardóttur og Guðríðar Evu Þórarinsdóttur, sjálfstætt starfandi dýralækna, og Sigríðar Hjartardóttur og Völu Friðriksdóttur hjá Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum.

### Fyrri rannsóknir

Vorið 2008 var gerð rannsókn á lungnaveiki í sauðfé í N-Þingeyjarsýslu austan Jökulsár á fjöllum, þ.e. í Öxarfirði og Þistilfirði. Lungu með stórsæjar breytingar voru valin út við páskaslátrun og send á Tilraunastöðina að Keldum. Tilraunastöðin tók á móti lungum úr 53 gripum frá 17 bæjum. Einnig voru tekin saursýni (safnsýni og einstaklingssýni) úr gripum frá 13 bæjum og blóðsýni úr 16 gripum frá 3 bæjum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að vægar kregðubreytingar sáust í 43% lungna (23/53) en lungnabólga af völdum ormasýkingar í 83% lungna (44/53).

Almennt voru kregðubreytingar vægar og höfðu að öllum líkindum ekki valdið klínískum einkennum á þessum tímapunkti. Líklegt er að í mörgum tilfellum hafi kregðulungnabólgan verið að mestu yfirlægðin þegar sýnin voru tekin um vorið, og að lungnahrun sem sást í hauslægum lungnablöðum hafi verið eftirstöðvar þeirra sýkingar. Bólur eftir lungnaorma voru hins vegar stundum alvarlegri og útbreiddari. Aðeins ein lungnaormategund fannst í saur, lungnaörðuormurinn *Muellerius capillaris*.

Aðrar bakteríusýkingar virtust *heldur ekki vera mikilvægur orsakapáttur í öndunarfærasjúkdómum á bæjunum*. Aðeins tvenn lungu af 26, bæði með graftarkýli, gáfu vöxt af *Pasteurella* spp. Engar bakteríur ræktaðust úr hinum 24 lungunum sem send voru í ræktun.

Alls voru 17 blóðsýni rannsokuð fyrir mótefnum gegn veirunni *Parainfluenza 3* og kregðusýklínnum *Mycoplasma ovipneumoniae* (*M. ovipneumoniae*) og voru þau öll neikvæð (Ólöf G. Sigurðardóttir o.fl., 2012).

Árið 2013 gerði Guðríður Eva Þórarinsdóttir úttekt á lungum sláturlamba í sláturhúsi SS á Selfossi í lokaverkefni sínu frá dýralæknadeild Kaupmannahafnarháskóla (Guðríður E. Þórarinsdóttir, 2014). Þangað bárust lömb frá búum á Vestur-, Suðvestur-, Suður- og Suðausturlandi, og voru lungun skoðuð þannig að greina mætti þá sjúkdóma sem í þeim fyndust með aðaláherslu á kregðu. Mat á kregðubreytingum (útbreiðsla bólgu í lungum) var

gert á öllum lungum úr lömbum sem slátrað var þá 12 daga sem Guðríður var í sláturhúsinu á tímabilinu 17. september – 4. október 2013. Einnig voru sýni tekin úr lungum í vefjaskoðun og sýklaræktun á útvöldum lungum. Þessi sýnataka var tengslum við annað verkefni sem unnið var á Keldum af Önnu Karen Sigurðardóttur, lokaverkefni frá dýralæknadeild Kaupmannahafnarháskóla (Anna K. Sigurðardóttir, 2014).

Niðurstöður sláturhúsarannsóknarinnar 2013 sýndu að kregða fannst í öllum 10 varnarhólfum á þeim svæðum sem lömbin komu af. Sjúkdómurinn fannst í lömbum frá 60% af 232 búum. Tíðni kregðu á þessum bæjum var ekki há, hún fannst eingöngu í 4% af þeim 24.772 lungum sem skoðuð voru. Það var hins vegar nokkur breytileiki í tíðni sjúkdómsins á milli bæja, frá 0-21,4%. Einnig var breytileiki á milli varnarhólfra, frá 1,4-13,4%. Í 65% lungna með kregðu var um væga sýkingu að ræða, 25% jákvæðra lungna voru með miðlungs sýkingu, en 10% voru metin með alvarlega sýkingu (þórarinsdóttir, GE. 2014). Í 90-95% lungna voru bólgbreytingar í tengslum við lungnaorma og í örfáum lungum voru lungnapestarbreytingar. Nánari greining á útvöldum kregðulungum sýndi fram á vöxt annarra baktería í 67% lungna ( $n=42$ ). Algengustu bakteríurnar (60%) voru lungnapestarbakteríurnar *Bibersteinia trehalosi*, *Mannheimia haemolytica* og *Pasteurella multocida* (Anna K. Sigurðardóttir, 2014). *Mannheimia haemolytica* ræktaðist einnig úr 22% ( $n=9$ ) viðmiðunarsýna (eðlileg lungu).

Árið 2014 léti Matvælastofnun gera könnun á kregðu á líflambasölubæjum. Eftirlitsdýralæknar í sláturhúsum sendu 1-2 lungu frá líflambasölubæjum við haustslátrun. Keldur fékk til sín 72 lungu frá 53 bæjum og greindist kregða á 34 líflambasölubæjum (64%). Í könnuninni var hins vegar ekki verið að rannsaka algengi eða alvarleika sjúkdómsins á þessum bæjum.

Niðurstöður þessara verkefna benda til þess að kregða finnist, þó í mismiklum mæli sé, á þeim svæðum sem hafa verið rannsokuð. Sá efniviður sem borist hefur úr sauðfé til krufningar og rannsókna á Keldum hefur leitt í ljós ýmsa öndunarfæravilla, en kregða hefur mjög sjaldan verið talin dánarorsök í þessum tilfellum. Þeir öndunarfærasjúkdómar sem helst hafa orsakað dauða eru lungnapest og barkakýlisbólga.

Árið 2016 tóku vísindamenn Keldna og Lbhí þátt í prófun tilraunabóluefnis gegn kregðu þar sem sérframleitt bóluefni var prófað á einni hjörð þar sem talið var að kregða ylli vanhöldum á fé (Charlotta Oddsdóttir o.fl., 2017). Niðurstöður þess verkefnis voru þær að kregða hefði ekki valdið alvarlegum áhrifum á gripina það árið, óháð því hvort þeir hefðu verið bólusettir, en hins vegar voru lungu nær allra sláturlamba með greinilegar lungnaormabreytingar. Bólusettingarverkefnið velti þannig upp spurningum sem verkefni þessu, sem hér er sagt frá, var ætlað að svara. Þar á meðal spurningar er varða algengi og alvarleika kregðu og lungnaomasýkinga hjá lömbum að hausti, en einnig hver þróun lungnaomasýkinga og kregðu er hjá ásetningslömbum þegar líður á haustið.

## **Markmið og rannsóknaráætlun**

Ágætis yfirlit um lungnasjúkdóma í sauðfé, þá aðallega kregðu, hefur fengist við fyrri rannsóknir, en það yfirlit hefur ekki tekið til Norður- eða Austurlands að neinu marki. Auk þess hafa áhrif lungnasjúkdóma á velferð gripanna og fjárhagslega afkomu bænda ekki verið rannsökuð nægilega.

Tilgangur þessa verkefnis var þannig að afla upplýsinga um útbreiðslu og alvarleika öndunarfærasjúkdóma á sauðfjárbúum og skrá þau áhrif sem öndunarfærasjúkdómar hafa á gripina. Fyrri hluti verkefnisins fól í sér gagnasöfnun með spurningalisti til bænda um öndunarfæraeinkenni hjá fé, og sérstaklega ásetningslömbum fram eftir hausti og vetri. Seinni hlutinn fól í sér meinafræðilega úttekt á lungum sláturlamba í sláturhúsum KS á Sauðárkróki og SS á Selfossi, í stíl við verkefnið sem unnið var haustið 2013 (Guðríður E. Þórarinsdóttir, 2014).

Með þessu móti var meinингin að hægt yrði að greina hvaða vandamál sjást í öndunarfærum lamba á sláturtíð, en þær upplýsingar má síðan nýta til þess að fylgja eftir ásetninglömbum á viðkomandi bæjum og kanna áhrif og þróun öndunarfærasjúkdóma í hjörðinni.

## **Efniviður og aðferðir**

Í rannsókninni var tvenns konar aðferðum beitt til þess að fá einhverja mynd af algengi öndunarfærasjúkdóma í íslensku sauðfé, annars vegar upplýsingaöflun frá bændum og hins vegar meinafræði á sláturfé.

Vorið 2017 var rafrænn spurningalisti útbúinn og lagður fyrir sauðfjárbændur á Bændatorginu og í Fjárvís þar sem bændur voru beðnir að svara spurningum um öndunarfæravandamál á búum sínum veturnn 2016-2017. Spurningarnar voru sex og snerust um öndunarfæraeinkenni, tíðni þeirra og alvarleika, vanþrif og vanhöld af völdum þeirra (viðhengi 1).

Haustið 2017 voru lungu úr úrtaki sláturlamba skoðuð í sláturhúsi og stórsæjar breytingar skráðar niður. Sérstök áhersla var lögð á kregðubreytingar og voru þær kvarðaðar eftir útbreiðslu þeirra; sjá töflu 1 og myndir í viðhengi 2.

*Tafla 1. Lýsing á fjórum stigum kregðu við skoðun á sauðfjárlungum í sláturhúsi*

Kregðustig	Lýsing
1	Lungnahrun (línulaga, dökkrauð svæði) (hverfandi lítil lungnabólga)
2	> 10% af lungunum með bólgbreytingar (væg lungnabólga)
3	11-20% af lungunum með bólgbreytingar (miðlungs lungnabólga)
4	< 20% af lungunum með bólgbreytingar (alvarleg lungnabólga)

Úttekt á lungum var gerð í tveimur sláтурhúsum: Sláтурhúsi SS á Selfossi og sláтурhúsi KS á Sauðárkróki, samtals 8 sláтурdaga á sláturtíð haustið 2017.


- 1) SS dagana 25. og 26. september og 23. og 26. október
- 2) KS dagana 2., 10., 19. og 20. október

## Niðurstöður og umræða

Niðurstöðurnar voru greindar, annars vegar svör við könnuninni og hins vegar úrtak úr sláтурhúsi, og að lokum var skoðuð samsvörun þessara tveggja aðferða, þar sem það var hægt.


### Svör bænda við könnun

Svör við könnuninni komu frá 143 bændum (33% sauðfjárbænda á Íslandi) en af þeim var 141 nothæft, langflest svör komu í maí og júní 2017 (119 svör) og síðustu svörin bárust á haust- og vetrarmánuðum, en lokað var fyrir könnunina í byrjun janúar 2018. Á mynd 1 sést hlutfall svara eftir landsvæðum, en ef þetta hlutfall er borið saman við fjölda sauðfjárbúa á hverju landsvæði kemur fram að besta svarhlutfall var á Suðurlandi, Suðvesturlandi og Norðausturlandi en ekki eins gott á öðrum svæðum. Hafa verður í huga að ekki var gefið upp landsvæði í 8% svaranna.



Mynd 1. Hlutfall svara í könnun eftir umdænum héraðsdýralækna


Engin öndunarfæraeinkenni voru á búum 22 (15,6%) svarenda. Af þeim rúmu 84% sem sögðust taka eftir öndunarfæraeinkennum var hlutfallið hjá langflestum undir 10%, eða 59% af þeim sem svöruðu (mynd 2). Einungis 3,6% svarenda töldu hlutfallið vera 25-50% en 22% svarenda mátu hlutfall einkenna á bilinu 10-25%.



*Mynd 2. Mat bænda á hlutfalli öndunarfæraeinkenna í hjörð sinni, 141 nothæft svar barst við könnuninni*


Fimm bændur sögðu frá 25-50% tíðni öndunarfæraeinkenna, og voru þau bú í Skagahólf, Vestfjarðahólf eystra og tvö í Vesturlandshólf. Ekki lágu fyrir upplýsingar um staðsetningu eins búsins. Allir fimm tóku eftir auknum öndunarhljóðum, fjórir sögðu frá hósta og þrír frá þungri öndun og hor í nösum. Allir bændurnir kváðust taka eftir því að gripir með öndunarfæraeinkenni fóðruðust verr og fjórir sögðu frá vanhöldum.

Á mynd 3 má sjá staðsetningu þeirra búa sem metin voru með 10-25% tíðni öndunarfæraeinkenna. Um var að ræða 31 svar í könnuninni, þar af voru 11 svarendur á Vesturlandi, sjö á Norðvesturlandi og fimm á Austurlandi.



*Mynd 3. Fjöldi búa sem mátu tíðni öndunarfæraeinkenna 10-25% og skipting þeirra milli umdæma*

Flestir svarenda mátu tíðni öndunarfæraeinkenna í hjörðum sínum undir 10%, þar af var 21 bóndi á Norðvesturlandi, 20 á Vesturlandi og 18 á Austurlandi (mynd 4).




*Mynd 4. Fjöldi búa sem mátu tíðni öndunarfæraeinkenna undir 10% og skipting þeirra milli umdæma*

Af þeim búum þar sem öndunarfæraeinkenni voru til staðar, var hósti nefndur í 84% tilfella, og var hósti algengasta einkennið sem nefnt var. Þung öndun og aukin öndunarhljóð voru nefnd á 60% og 68% búanna. Margir tengdu öndunarfæraeinkenni við vanhöld, en 72% svarenda nefndu vanhöld á búum sínum. Var meðal annars sagt frá því að lömb skiluðu sér illa af fjalli. Fimm svarenda nefndu barkakýlisbólgu. Á 70 búanna var talið að féð fóðraðist verr vegna öndunarfæraeinkenna, en 49 svarenda töldu svo ekki vera.

### Lungnaskoðun í slátturhúsum

Heildarfjöldi lungna sem skoðuð voru slátturdagana átta var 19.295; langflest þessara lungna voru úr lömbum. Heildarfjöldi bæja var 257 úr 21 varnarhólfum, en þau eru alls 25.

Eins og sést á mynd 5 var dreifing búa eftir umdæmum mjög ójöfn. Aðeins eitt bú var með í úttektinni af þeim 442 sem eru í Norðausturumdæmi (0,2%) og fjögur af 71 búi í Suðvesturumdæmi (5,6%). Flest bú voru í Vesturumdæmi, eða 72 af 606 búum (11,9% búa) og hæsta hlutfall úrtaksbúa var í Suðurumdæmi (18,9%).



*Mynd 5. Fjöldi búa sem átti fé í úrtaki á slátturhúsi eftir umdæmum*

Kregða greindist í öllum umdæmum nema í Norðausturumdæmi, en aðeins eitt bú með 10 skrokka var með í úttektinni frá þessu umdæmi. Eins og sést í töflu 2 var algengi kregðu 14-26%, mest í Norðvestur- og Suðurumdæmi, en heildarfjöldi kregðulungna var 4.130 (21,4%). Sjá einnig súlurit í viðhengi 4.

Tafla 2. Fjöldi búa í úttekt eftir umdæmum ásamt fjölda kregðulungna

Umdæmi	Fjöldi búa í úttekt	Fjöldi búa í umdæmi	% búa í úttekt	Fjöldi skrokka í úttekt	Fjöldi sauðfjár í umdæmi	% Sauðfjár í úttekt	Fjöldi lungna með kregðu	% lungna Með kregðu
Vestur	72	606	11,9%	6.555	118.363	5,5%	1.122	0
Norðvestur	47	439	10,7%	3.515	120.712	2,9%	929	26,4%
Norðaustur	1	442	0,2%	10	77.362	0,0%	0	0
Austur	22	288	7,6%	1.728	76.981	2,2%	245	14,2%
Suður	109	576	18,9%	7.316	79.059	9,3%	1.800	24,6%
Suðvestur	4	71	5,6%	171	3.416	5,0%	34	19,9%
	<b>255</b>	<b>2.422</b>	<b>10,5%</b>	<b>19.295</b>	<b>475.893</b>	<b>4,1%</b>	<b>4.130</b>	<b>21,4%</b>

Algengi kregðu eftir varnarhólfum var frá 0 og upp í rúm 32% (tafla 3 og tafla í viðhengi 3).


Fjöldi búa og skrokka í úttektinni var mjög breytilegur eftir hólfum (1-44 bú og 10-2.208 skrokkar) og því ekki hægt að draga ályktun um hvort kregða sé algengari í einu hólfni en öðru.

Tafla 3. Yfirlit yfir fjölda búa sem áttu fé (og þar af lömb) í úrtaki á sláturhúsi eftir varnarhólfum, fjölda lamba, og algengi kregðu eftir varnarhólfum

Varnarhólf	Fjöldi sauðfjárbúa	Skrokkar í úttekt	Þar af lömb	Lungu með kregðu	% lungna með kregðu
Austfjarðahólf	1	29	25	9	31,0%
Biskupstungnahólf	5	295	214	71	24,1%
Dalahólf	10	954	1317	162	17,0%
Eyjafjalla- og V-Skaftafellshólf	23	1799	1665	431	24,0%
Eyjafjarðarhólf	1	10	10	0	0,0%
Grímsnes- og Laugardalshólf	4	179	177	21	11,7%
Héraðshólf	2	250	194	34	13,6%
Hreppa, Skeiða- og Flóahólf	25	1677	1530	496	29,6%
Húnahólf	2	48	47	12	25,0%
Landnámshólf	12	808	766	156	19,3%
Miðfjarðarhólf	1	160	160	52	32,5%
Norðausturhólf (Jökuldalur)	4	192	158	21	10,9%
Rangárvallarhólf	44	2729	2365	659	24,1%
Skagahólf	26	2208	2018	575	26,0%
Snæfellsneshólf	2	305	288	97	31,8%
Suðurfjarðarhólf	8	527	427	56	10,6%
Tröllaskagahólf	18	1099	1010	290	26,4%
Vestfjarðarhólf eystra	3	275	249	63	22,9%
Vestfjarðarhólf vestra	14	1090	1060	101	9,3%
Vesturlandshólf	43	3931	3450	699	17,8%
Öræfahólf	7	730	568	125	17,1%
	<b>255</b>	<b>19.295</b>	<b>17.698</b>	<b>4.130</b>	<b>21,4%</b>

Í heildina greindist kregða í 21,4% af þeim 19.295 lungum sem skoðuð voru. Af þeim voru 2.157 lungu (11,2%) með kregðustig 1, 1.219 lungu (6,3%) með kregðustig 2, 536 lungu (2,8%) með kregðustig 3 og 216 lungu (1,1%) með kregðustig 4. Helmingur kregðulungna var með mjög vægar kregðubreytingar en einungis 5% lungna var með kregðustig 4, þ.e. 20% lungnavefjar undirlagður bólgbreytingum (mynd 6).

Eins og í fyrri rannsóknum voru bólgbreytingar og skemmdir eftir lungnaorma mjög algengar en lítið bar á lungapest.



*Mynd 6. Skipting þeirra 21,4% lungna sem voru með kregðubreytingar á hin fjögur stig kregðu í sláturhúsúrtaki. Kregðustig 1 og 2 standa fyrir mjög væga og væga kregðu, um 82% kregðulungna*

Sýni voru tekin handahófskennt úr 54 lungum með breytingar og voru send á Tilraunastöðina á Keldum til staðfestingar á *M. ovipneumoniae* sýkingu, sem er orsakavaldur kregðu. Bakterían ræktaðist úr 46 lungum. Jákvæðu lungnasýnin voru öll fersk nema eitt sýni sem var hafði verið fryst. Neikvæðu sýnin átta höfðu öll verið fryst. Niðurstöður ræktunar voru staðfestar með PCR greiningu.

### **Samræmi spurningalista og skoðunar í sláturhúsi**

Af þeim bændum sem svöruðu könnuninni áttu 19 (13%) fé í sláturhúsi þá daga sem úrtak fjár var skoðað í sláturhúsi. Einungis höfðu fjórir af þessum bændum slátrað hjá SS, 15 slátruðu hjá KS, enda voru sjö búanna á Norðvesturlandi og fimm á Vesturlandi. Tvö búanna áttu einungis einn eða two gripi í sláturhúsi og voru því ekki tekin með í greiningunni. Í töflu 4 má sjá upplýsingar um þá 17 bæi sem höfðu svarað könnuninni og slátruðu að minnsta kosti 15

Tafla 4. Samantekt yfir þau 17 sauðfjárbú sem svöruðu könnuninni og áttu amk. 15 gripi í sláturhúsúrtaki

Umdæmi	Mat bónda í könnun		Fjöldi skrokka	Kregðubreytingar í sláturhúsi, hlutfall	
	Öndunarfæraeinkenni	Vanhöld eða vanþrif		Vægar, stig 1 og 2	Útbreiddari, stig 3 og 4
Suðvesturumdæmi	Ekki til staðar	Á ekki við	15	27%	0
Suðurumdæmi	Ekki til staðar	Á ekki við	71	41%	0
Vesturumdæmi	Ekki til staðar	Á ekki við	31	3%	0
Austurumdæmi	Undir 10%	Vanhöld	109	5%	0
Norðvesturumdæmi	Undir 10%	Vanhöld og vanþrif	237	14%	10%
Norðvesturumdæmi	Undir 10%	Vanhöld og vanþrif	23	30%	0
Norðvesturumdæmi	Undir 10%	Vanþrif	96	9%	10%
Vesturumdæmi	Undir 10%	Nei	15	0	0
Vesturumdæmi	Undir 10%	Vanhöld og vanþrif	230	17%	7%
Austurumdæmi	10-25%	Nei	108	3%	0
Suðurumdæmi	10-25%	Nei	24	13%	0
Norðvesturumdæmi	10-25%	Vanhöld og vanþrif	138	25%	11%
Norðvesturumdæmi	10-25%	Vanhöld og vanþrif	94	12%	1%
Norðvesturumdæmi	10-25%	Vanhöld og vanþrif	15	7%	0
Suðurumdæmi	10-25%	Vanhöld og vanþrif	84	19%	7%
Vesturumdæmi	10-25%	Nei	68	18%	12%
Norðvesturumdæmi	25-50%	Vanhöld og vanþrif	276	21%	14%

gripum dagana sem skoðunin fór fram. Þar sem um er að ræða mjög fá bú er einungis hægt að nýta þessar upplýsingar til þess að fá hugmynd um stöðuna. Þrír af þessum bændum höfðu ekki orðið varir við öndunararfæraeinkenni, þó stór hluti af sláturlömbum tveggja þeirra (27% og 41% lambanna) hafi verið með vægar kregðubreytingar við slátrun. Þriðji bónindinn skilaði inn 31 lambi og var einungis eitt með vægar kregðubreytingar. Eins og áður hefur komið fram er ekki við því að búast að vægar kregðubreytingar einar og sér valdi klínískum einkennum sem bændur verða varir við. Í sláturgripum hjá þremur af sex bændum sem töldu öndunararfæraeinkenni vera undir 10% fundust útbreiddari kregðubreytingar í 7-10%, sem skýrt gætu einkennin. Í þeim sláturhópum voru vægari breytingar algengari en þær útbreiddari og bendir enn til þess að þær vægari valdi ekki einkennum. Af þeim sjö bændum sem töldu sig sjá 10-25% öndunararfæraeinkenni voru eingöngu tveir sem áttu gripi með útbreiddar kregðubreytingar, þ.e. stig 3 og 4. Þrír af bændunum sendu inn gripi þar sem vægari kregðubreytingar sáust en engar útbreiddari breytingar. Í þeim hópum er ólíklegt að kregða hafi valdið klínísku einkennunum sem bændurnir verða varir við. Allir af 14 bændum sem kváðust verða varir við öndunararfæraeinkenni nefndu hósta, en ekki tengdu allir bændurnir vanþrif eða vanhöld við einkennin. Vísbendingar má sjá úr töflunni um að samhengi sé milli útbreiddra kregðubreytinga og algengis öndunararfæraeinkenna en ýmislegt bendir einnig til þess að um aðrar orsakir séu fyrir hósta, til dæmis eru engar útbreiddar kregðubreytingar í sláturlömbum frá sjö búum þar sem hósti er í lömbum. Ormaskemmdir voru í nærrí öllum lungum sem skoðuð voru og það lætur nærrí lagi að slíkar skemmdir og ferðalag lungnaormanna um öndunarveg hlýtur að valda ertingu og þar af leiðandi hósta.

## Samantekt

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru svipaðar fyrri rannsóknum, þ.e. að kregða er til staðar á öllu landinu. Um 21% lungna voru með kregðu en yfir helmingur þeirra var með mjög vægar breytingar. Ólíklegt er að kregða af stigum 1 og 2 hafi áhrif á almennt heilsuástand gripanna. Aðeins tæp 4 % lungna voru með kregðustig 3 og 4 í rannsókninni, en gera má ráð fyrir að klínísk einkenni og hugsanleg neikvæð heilsuáhrif fylgi slíkum breytingum. Lítið er þó vitað um þróun sjúkdómsins í ásetningslömbum, frá þeim breytingum sem sjást í sláturlömbum að hausti. Hugsanlega getur sjúkdómurinn versnað fram eftir hausti og/eða nýsmít haft áhrif á þróun sjúkdómsins. Könnunin á lungum úr fé frá Öxarfirði og Þistilfirði 2008 bendir hins vegar til þess að kregðubólgyréni með vorinu.

Einn bóni sem átti fé í úttektinni og einnig svaraði könnuninni hafði látið bólusetja ásetningslömb gegn kregðu haustið 2016 með sama tilraunabóluefni og notað var við bólusetningartilraunina 2016 (Charlotta Oddsdóttir o.fl., 2017). Kregða greindist í 35% lungna af bænum, en alls voru 276 lungu skoðuð. Kregðustig 1 og 2 fundust í 21% og kregðustig 3 og 4 í 14% en ekki var við því að búast að bólusetning ásetningsins að hausti hefði áhrif á nýgengi kregðu í lömbum sem fæddust í hjörðinni vorið eftir.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að mikill meirihluti þeirra sem svöruðu verða varir við hósta í hjörðum sínum. Mikill meirihluti þeirra taldi að undir 10% hjarðarinnar hóstuðu eða hefðu önnur öndunarfæraeinkenni. Það verður að hafa í huga að mögulega hafa þeir bændur sem hafa áhyggjur af hósta í hjörðum sínum verið líklegrí til þess að svara. Þriðjungur allra sauðfjárbænda svaraði könnuninni og þetta svarhlutfall gæti að miklu leyti skýrst af því að stærstur hluti bænda hafi ekki miklar áhyggjur af öndunarfærasjúkdómum.

Áhugavert var að bera saman niðurstöður könnunar við kregðubreytingar í sláturgripum frá sama bæ. Þó ekki sé hægt að draga miklar ályktanir af þeim litla efniviði, rennir hann stoðum undir það álit að vægari kregðubreytingar af stigum 1 og 2 valdi ekki klínískum einkennum sem bændur verða varir við. Einnig eru þarna dæmi um að engar útbreiddari kregðubreytingar sjáist í sláturlömbum þar sem bændurnir töldu allt að 25% hjarðarinnar sýna öndunarfæraeinkenni, og því líklegt að um annan orsakavald sé að ræða.

Nokkur dæmi eru um að engin einkenni séu í hjörð þó kregðubreytingar sjáist í sláthúsi. Einn bóndi á Vesturlandi sem ekki svaraði könnuninni, en sem telur öndunarfæraeinkenni ekki til staðar, tjáði rannsakendum að hann hefði ekki búist við því að 28% lamba frá honum væru með kregðubreytingar, þar af 8% með útbreiddari breytingar. Þetta sýnir að kregða ein og sér þarf ekki að valda miklum einkennum, jafnvel þó útbreiddari breytingar séu til staðar. Líklegt er að aðrir þættir, svo sem þéttleiki, loftgæði og aðrar sýkingar, hafi talsverð áhrif á klínísk einkenni.

Sýking og bólgbreytingar af völdum lungnaörðuormsins *Muellerius capillaris* er áberandi aleng. Nýleg rannsókn Hrafnkötlu Eiríksdóttur (2018) á algengi lungnaormasýkingar í sauðfé hér á landi sýndi sömu niðurstöður. Sýking var staðfest á 98% bæja í rannsókninni, með algengi rúm 50%. Við heimildaleit um rannsóknir á lungnaormum kom í ljós að algengi sýkingarinnar er mun hærri hér á landi en annars staðar; til að mynda er algengi sýkingar í norsku fé rétt rúm 3% (Meling Domke o.fl. 2013). Lungnaörðuormurinn notar snigil sem millihýsil og því leika umhverfisaðstæður enn stærra hlutverk en annars. Þar af leiðandi er ekki nóg að nota fyrirbyggjandi ormalyf, sérstaklega ef fé er haldið á svæðum þar sem mikill raki er og sniglarnir dafna. Erlendis er talið að ormurinn valdi ekki einkennum hjá sauðfé, hvað þá búsfjum, en víðast hvar í heiminum er fé haldið mun meira úti undir beru lofti. Geitur geta þó fengið slæma lungnabólgu vegna lungnaörðuormasýkingar og eru að jafnaði lengur að jafna sig á sýkingu með þeim (Vadlejch o.fl., 2016). Í klettafjallasauðum (Bighorn sheep, *Ovis canadensis*) í Montana fundust lungnaörðuormalirfur? í saursýni frá öllum af 18 gripum sem rannsóknin tók yfir og í þessari tegund þekkist alvarlegur lungnasjúkdómur af völdum þessara orma (Ezenwa o.fl., 2010).

## Lokaorð

Þar sem dreifing búa eftir umdænum var mjög ójöfn í þessari úttekt vantar enn yfirlit yfir stöðu lungnasjúkdóma í Norðaustur- og Austurumdænum. Þó aðeins 4 bú hafi verið frá Suðvesturumdæmi í þessari úttekt, fékkst ágætis yfirlit yfir stöðu lungnasjúkdóma í verkefni Guðríðar Eva Þórarinsdóttur árið 2014. Niðurstöður þessarar rannsóknar vekja spurningar um samspil sýkinga og umhverfis í ásetningslömbum, og því væri rökrétt framhald að gera heildstæða úttekt á fáum útvöldum sauðfjárbúum þar sem heilsufar hjarðarinnar almennt væri skoðað, krufningar og sýnatökur gerðar á gripum sem drepast auk þess að fylgjast með heilsufari og klínískum einkennum yfir veturinn. Kregðusýkillinn *M. ovipneumoniae* og lungnaörðuormurinn *M. capillaris* eru hvort tveggja dæmi um smitvalda sem ekki eru talin valda einkennum eða alvarlegum sjúkdómum í öðrum löndum. Hins vegar er mjög líklegt að löng húsvist, þéttleiki, streita og loftgæði geti gefið þessum smitvöldum byr undir báða vængi og gert þeim kleift að valda einkennum sem annars sæjust ekki.

## Heimildir

Anna Karen Sigurðardóttir. Histopathological and immunohistochemical examination of pulmonary lesions in Icelandic slaughter lambs with emphasis on bronchopneumonia caused by *Mycoplasma ovipneumoniae*. Master's thesis ZSG529, University of Copenhagen, 2014.

Charlotta Oddsdóttir, Einar Jörundsson, Eggert Gunnarsson, Ólöf G. Sigurðardóttir, Vala Friðriksdóttir og Vilhjálmur Svansson. Tilraunabólusetning gegn kregðu 2016; prófun bóluefnis og mat á lungum sláturlamba. Skýrsla til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, 2017.

Vanessa O. Ezenwa, Alicia M. Hines, Elizabeth A. Archie, Eric P. Hoberg, Ingrid M. Asmundsson og John T. Hogg. *Muellerius capillaris* dominates the lungworm community of bighorn sheep at the National bison range, Montana. Journal of Wildlife Diseases 46 (3), 2010, pp. 968-993.

Guðríður Eva Þórarinsdóttir. Prevalence of bronchopneumonia in sheep in South-West to South-East Iceland; Slaughterhouse survey. Master's thesis NGB429, University of Copenhagen, 2014.

Hrafnkatla Eiríksdóttir. Lungworms in Icelandic sheep (*Ovis aries*). Master's thesis VBT351, University of Copenhagen, 2018.

Atle V. Meling Domke, Christophe Chartier, Bjørn Gjerde, Nils Leine, Synnøve Vatn, Snorre Stuen. Prevalence of gastrointestinal helminths, lungworms and liver fluke in sheep and goats in Norway. Veterinary Parasitology 194, 2013, bls. 40-48.

Ólöf G. Sigurðardóttir, Matthías Eydal, Eggert Gunnarsson. Rannsókn á orsökum lungnaveiki í fé í Öxarfirði og Þistilfirði, skýrsla til Framleiðnisjóðs Landbúnaðarins 2012, (mál nr. 09-051).

Jaroslav Vadlejch, Pavol Makovický, Zuzana Čadková og Iva Langrová. Efficacy and persistent activity of moxidectin against natural *Muellerius capillaris* infection in goats and pathological consequences of muelleriosis. Veterinary Parasitology 218, 2016, bls. 98-101.

## Viðhengi 1: Spurningalisti

Landbúnaðarháskóli Íslands, Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og Matvælastofnun vinna nú að verkefni með það að markmiði að kortleggja öndunararfæravandamál í sauðfé um allt land og greina orsakir þeirra. Eftirfarandi er stutt könnun til þess að safna upplýsingum um hjarðir þar sem öndunararfæraeinkenni hafa verið vandamál. Því fleiri sem taka þátt, því nákvæmari verður greining þessa mikilvæga heilsufarsvandamáls í sauðfjárræktinni.

Nafn:


Kennitala:

Bú:


1. Hafa kindur í þinni hjörð verið með einkenni frá öndunararfærumveturinn 2016-2017?
  - Já
  - Nei (könnun endar)
2. Hve hátt hlutfall kinda sýndi einkennin?
  - Undir 10%
  - 10-25%
  - 25-50%
  - Yfir 50%
3. Hver eru algengustu einkennin (merktu við þau atrið sem við eiga):
  - Hösti
  - Þungur andardráttur
  - Óeðileg hljóðviðöndun
  - Hær í näsum
  - Hti
  - Mnnkuð átlyst
  - Annað, hvað? \_\_\_\_\_
4. Hafa gripir með öndunararfæraeinkenni fóðrast verr en gripir án slíkra einkenna?
  - Já
  - Nei
5. Hafa vanhöld verið meiri hjá gripum með öndunararfæraeinkenni?
  - Já
  - Nei
6. Mætti hafa samband við þig á næstu mánuðum vegna frekari upplýsinga um öndunararfæravandamál í hjörð þinni?
  - Já
  - Nei

## Viðhengi 2. Stigakerfi við mat á kregðubreytingum

Myndir teknar í slátturhúsi í tengslum við bólusetningartilraunina 2016 (Charlotta Oddsdóttir o.fl., 2017).



**Kregðustig 1:** Línulaga kregðubreytingar, aðallega lungnahrun, í hægra framblaði (svartar bílur). Einnig ormasýking í afturblöðum (hvítar bílur) – dreifð, rauðleit, hnúðótt svæði



**Kregðustig 2:** undir 10% af lungunum með kregðubreytingar, rauðbrún svæði í fremri hluta annars lungans



**Kregðustig 3:** milli 11-20% af lungunum með kregðubreytingar, rauðbrún svæði í framblöðum beggja lungna



**Kregðustig 4:** >20% af lungunum með kregðubreytingar, rauðbrún svæði í báðum framblöðum og fremst í afturblöðum

### Viðhengi 3: Niðurstöður lungnaskoðunar eftir hólfum í umdæmum og kregðustigum

	Fjöldi bæja	Stig 1	%	Stig 2	%	Stig 3	%	Stig 4	%	Fjöldi lungna	Kregða	% Skrokkar
<b>Vesturumdæmi</b>												
Vestfjarðarhólf Eystra	3	46	16,7%	8	2,9%	7	2,5%	2	0,7%	275	63	22,9%
Vestfjarðarhólf Vestra	14	61	5,6%	24	2,2%	13	1,2%	3	0,3%	1090	101	9,3%
Vesturlandshólf	43	266	6,8%	214	5,4%	158	4,0%	59	1,5%	3931	699	17,8%
Snæfellsneshólf	2	82	26,9%	6	2,0%	5	1,6%	4	1,3%	305	97	31,8%
Dalahólf	10	52	5,5%	68	7,1%	29	3,0%	13	1,4%	954	162	17,0%
	<b>72</b>	<b>507</b>	<b>7,7%</b>	<b>320</b>	<b>4,9%</b>	<b>212</b>	<b>3,2%</b>	<b>81</b>	<b>1,2%</b>	<b>6555</b>	<b>1122</b>	<b>17,1%</b>

### Norðvesturumdæmi

Miðfjarðarhólf	1	28	17,5%	18	11,3%	4	2,5%	2	1,3%	160	52	32,5%
Húnahólf	2	8	16,7%	4	8,3%	0	0,0%	0	0,0%	48	12	25,0%
Skagahólf	26	242	11,0%	184	8,3%	100	4,5%	49	2,2%	2208	575	26,0%
Tröllaskagahólf	18	90	8,2%	95	8,6%	72	6,6%	33	3,0%	1099	290	26,4%
	<b>47</b>	<b>368</b>	<b>10,5%</b>	<b>301</b>	<b>8,6%</b>	<b>176</b>	<b>5,0%</b>	<b>84</b>	<b>2,4%</b>	<b>3515</b>	<b>929</b>	<b>26,4%</b>

### Norðausturumdæmi

Eyjafjarðarhólf	1	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	0	0,0%	10	0	0,0%
	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>10</b>	<b>0</b>	<b>0</b>							

### Austurumdæmi

Norðausturhólf	4	14	7,3%	2	1,0%	2	1,0%	3	1,6%	192	21	10,9%
Héraðshólf	2	16	6,4%	9	3,6%	8	3,2%	1	0,4%	250	34	13,6%
Austfjarðahólf	1	6	20,7%	2	6,9%	1	3,4%	0	0,0%	29	9	31,0%
Öræfahólf	7	95	13,0%	29	4,0%	1	0,1%	0	0,0%	730	125	17,1%
Suðurfjarðarhólf	8	21	4,0%	21	4,0%	7	1,3%	7	1,3%	527	56	10,6%
	<b>22</b>	<b>152</b>	<b>8,8%</b>	<b>63</b>	<b>3,6%</b>	<b>19</b>	<b>1,1%</b>	<b>11</b>	<b>0,6%</b>	<b>1728</b>	<b>245</b>	<b>14,2%</b>

Fjöldi bæja	Stig 1	%	Stig 2	%	Stig 3	%	Stig 4	%	Fjöldi lungna	Kregða	% Skrokkar
----------------	-----------	---	-----------	---	-----------	---	-----------	---	------------------	--------	---------------

#### Suðurumdæmi

Eyjafjalla- og V-Skaft.	23	283	15,7%	117	6,5%	25	1,4%	6	0,3%	<b>1799</b>	431	24,0%
Rangárvallarhólf	44	441	16,2%	174	6,4%	32	1,2%	12	0,4%	<b>2729</b>	659	24,1%
Hreppa, Skeiða- og Fl.	25	243	14,5%	186	11,1%	53	3,2%	14	0,8%	<b>1677</b>	496	29,6%
Biskupstungnahólf	5	43	14,6%	20	6,8%	8	2,7%	0	0,0%	<b>295</b>	71	24,1%
Grímsnes- og Laugard.	4	13	7,3%	7	3,9%	1	0,6%	0	0,0%	<b>179</b>	21	11,7%
Landnámshólf	8	83	13,0%	26	4,1%	7	1,1%	6	0,9%	<b>637</b>	122	19,2%
	<b>109</b>	<b>1106</b>	<b>15,1%</b>	<b>530</b>	<b>7,2%</b>	<b>126</b>	<b>1,7%</b>	<b>38</b>	<b>0,5%</b>	<b>7316</b>	<b>1800</b>	<b>24,6%</b>

#### Suðvesturumdæmi

Landnámshólf	4	24	14,0%	5	2,9%	3	1,8%	2	1,2%	<b>171</b>	34	19,9%
	<b>4</b>	<b>24</b>	<b>14,0%</b>	<b>5</b>	<b>2,9%</b>	<b>3</b>	<b>1,8%</b>	<b>2</b>	<b>1,2%</b>	<b>171</b>	<b>34</b>	<b>19,9%</b>

Viðhengi 4: Súlurit yfir fjölda skrokka í úrtaki á sláтурhúsi eftir umdæmum auk skiptingar kregðulungna á hin fjögur stig kregðu

